



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 17. desember 2025

Félagaskiptatímabil 2026

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ 10. desember sl. voru félagaskiptatímabil ársins 2026 samþykkt:

Félagaskiptatímabil Bestu deilda karla og kvenna:

Fyrri tímabil (12 vikur): 5. febrúar til 29. apríl 2026.

Sumartímabil (4 vikur): 16. júlí til 12. ágúst 2026.

Félagaskiptatímabil Lengjudeilda karla og kvenna og 2. deildar karla:

Fyrri tímabil (12 vikur): 5. febrúar til 29. apríl 2026.

Sérstakt félagaskiptatímabil fyrir innlend félagaskipti: 29. apríl til 6. maí 2026.

Sérstakt sumartímabil (2 vikur): 16. júlí til 29. júlí 2026.

Félagaskiptatímabil neðri deilda karla og kvenna:

2. deild kvenna, 3. deild karla, 4. deild karla, 5. deild karla og Utandeild karla.

Félagaskiptatímabil: 4. febrúar til 29. júlí 2026

Félagaskiptatímabil yngri flokka opnar við lok mótahalds og lokar 29. júlí.

Greinargerð:

Helsta breytingin á félagaskiptagluggum fyrir árið 2026 er sú að Lengjudeild karla verður hluti af sérstökum tveggja vikna sumarglugga ásamt Lengjudeild kvenna og 2. deild karla vegna þeirrar staðreyndar að Lengjudeild karla mun ljúka fyrr en sl. ár.

Breytingin er fyrst og fremst gerð í því skyni að vernda heilindi og stöðugleika mótsins með því að sporna við of miklum breytingum á liðum sem taka þátt skömmu fyrir lok mótsins. FIFA leggur áherslu á að aðildarsambönd verndi heilindi móta sinna og það þekkist ekki í þeim löndum sem við berum okkur saman við að félagaskiptatímabil á miðju tímabili sé opið þegar svo lítið er eftir af móti.

Eftir samráð við aðildarfélög KSÍ er komið til móts við styttri félagaskiptaglugga Lengjudeildar karla og kvenna og 2. deildar karla með því að veita félögum í viðkomandi deildum sérstakt félagaskiptatímabil til að eiga innlend félagaskipti frá 29. apríl til 6. maí 2026.

Ef frekari upplýsinga er óskað má hafa samband við undirritaðan á netfangið axel@ksi.is eða í síma 510-2903.

Axel Kári Vignisson lögmaður,
yfirlögfræðingur KSÍ.